



Fréttabréf Brekkuskóla

8. janúar 2013
3. tbl. skólaárið 2012- 2013
Ábyrgðamaður Bergþóra Þórhallsdóttir

Ágæta skólasamfélag.

Um leið og við óskum ykkur og fjölskyldum ykkar gleðilegs nýs árs viljum við þakka ánægjulegar samverustundir á árinu sem er að líða.

Við höfum nýtt ár með starfsdegi og samtalsögum. Nú hefur stundaskrá tekið aftur gildi og höldum við ótrauð áfram. Vetrarleyfi verður um miðjan febrúarmánuð samkvæmt skóladagatali. Verkefnin framundan eru ærin og þróun skólstarfsins í fullum blóma. Á næstu vikum koma inn nýir starfsmenn og fer kynning á þeim fram í næsta Fréttabréfi. Nokkrir nýir nemendur komu til okkar líka nú um áramót og erum við ákaflega stolt af að fá allt þetta góða fólk til liðs við okkur.

Eins og foreldrar og nemendur hafa tekið eftir erum við í auknum mæli farin að nota "verkefnabækur" í Mentor og "leiðsagnarmat" til að meta og birta námsframvindu nemenda. Á næstunni munum við taka upp einingu í Mentor sem nefnist "námsframvinda" sem tekur á einstaka markmiðum hverrar námsgreinar og mat á árangri í þeim á einum og sama staðnum. Þetta er gert til að gera skólstarf og mat á árangri nemenda enn gegnsærra og að framsetning sé þannig að nemandinn sjálfur geti nýtt sér það til framdráttar. Námsframvindumarkíð og mat á þeim sýnir á einfaldan og aðgengilegan hátt hvar grípa þarf inn í hjá einstaka nemanda og hvar nemendum er að takast vel til. Vonumst við til að upplýsingar skráðar í Mentor og samtöl foreldra, nemenda og kennara styrki samstarf um nám hvers nemanda enn frekar.

Megi nýja árið taka á móti ykkur með bros á vör og sól í hjarta.
Bergþóra Þórhallsdóttir aðstoðarskólalastjóri

Myndataka

Nú í janúar fáum við ljósmyndara til okkar sem mun taka myndir fyrir skólann af nemendum. Fyrst er tekin hópmynd af öllum bekknum ásamt kennara og svo einstaklingsmynd af hverjum og einum nemanda. Allir í bekknum eru myndaðir óháð því hvort foreldrar nýta sér kaup á myndunum eða ekki. Það þarf ekki að panta sérstaklega né skrá sig í myndatökuna. Skólinn nýtir myndirnar í Mentorkerfinu.



Pakkinn fyrir hvern nemanda inniheldur:

Bekkjarmynd í str. 20x25cm með nöfnum allra nemenda ásamt kennara

Einstaklingsmynd, 1 stk. 13x18cm og 2 stk. 10x15cm

Samanlagt kostar þetta 3500.- kr. (Ef foreldrar eiga fleiri en 2 börn á myndunum greiðist eingöngu fyrir 2 börn og svo eru myndir fyrir hvert barn umfram það fríar)

Foreldrar fá síðan senda vefslóð þar sem allar myndir bekkjarins birtast, hægt verður að panta þær og greiða með millifærslu. Myndirnar svo afhentar í skólanum þegar þær eru tilbúnar. Hér má sjá dæmi <http://infantia.eu/darkroom/proof/?client/skolasynis>

Comenius



Nýtt Comeniusarverkefni er komið í gang sem ber yfirskriftina *"Working together"*. Þar erum við í samstarfi við skóla frá Englandi, Danmörku, Tyrklandi, Rúmeníu, Þýskalandi og Finnlandi. Verkefnið fjallar um samvinnu og hafa nemendur verið m.a. að taka viðtöl við starfsmenn skólans. Nemendur skiptust á jólakveðjum á milli landanna nú fyrir jólin og tungumálakennarar eru að byrja að vinna með myndskreið sem eru hluti af verkefninu. Einnig er verið að undirbúa dagskrá hér hjá okkur þar sem þátttakendur koma saman á Akureyri í lok janúar 2013.



Frá litlu jólu: "Hann sáði, hann sáði..."

Brekkuskóli

v/Skólalastig
600 Akureyri
sími 462-2525
www.brekkuskoli.is

Janúar 2013

30.	31. des.	1. jan.	2. Starfsdagur Frístund opin	3. Samtalsdagur nemenda, kennara og foreldra skv. útsendu fundarboði umsjónarkennara	4. Samtalsdagur nemenda, kennara og foreldra skv. útsendu fundarboði umsjónarkennara	5.
6.	7. Fiskibollur, hrísgrjón, sýrðar gúrkur, sósa og ávextir	8. Kjöt og kjötsúpa, grænmeti og ávextir	9. Tortilla, grænmeti, sósa og ávextir	10. Gufusoðin ýsa, kartöflur, rúbrauð, salat og ávextir	11. Gúllas, kartöflustappa, rauðkál, salat og ávextir	12.
13.	14. Plokkfiskur, kartöflur, rúgbrauð, salat og ávextir	15. Lasagne, brauð, salat og ávextir	16. Brauðaður fiskur, kartöflur, sósa, salat og ávextir	17. Grjónagrautur, slátur, grænmeti og ávextir	18. Heimalöguð pizza, grænmeti og ávextir Morgunmóttaka í 1. bekk	19.
20.	21. Hakk og spaghetí, brauð, salat og ávextir	22. Gufusoðinn fiskur, kartöflur, rúgbrauð, grænmeti og ávextir Skólaping Brekkuskóla Kl. 9 - 11:30	23. Grísa snitsel, kartöflur, grænar baunir, salat og ávextir	24. Tómat og karrý ýsa, kartöflur, salt og ávextir	25. Súpa, brauð, álegg, grænmeti og ávextir	26.
27.	28. Gufusoðinn fiskur, kartöflur, rúgbrauð, salat og ávextir	29. Buff, kartöflumauk, grænar baunir, rauðkál og ávextir	30. Snakk ýsa, kryddgrjón, salat og ávextir	31. Steiktur kjúklingur, kartöflur, salat og ávextir	1. feb.	2.



Svipmyndir frá litlu jólum í Brekkuskóla. Þar skemmtu allir sér vel og jólasveinarnir líka.



Skólaping

Foreldrar óskast á skólaping í Brekkuskóla

Þriðjudaginn 22. janúar kl. 9 -11:30 er fyrirhugað að halda 40 - 50 manna skólaping í Brekkuskóla. Skólapingið er liður í innleiðingu á nýrri aðalnámskrá. Á skólapinginu eiga sæti fulltrúar starfsfólks, nemenda og foreldra. Á þinginu verður unnið með fjórar grunnsurningar sem getið er hér að neðan og verða niðurstöður teknar saman í lokin og nýttar til að bæta skólann.

Markmið með skólapingi er: **Að efla samvinnu allra sem að skólasamfélagi Brekkuskóla koma**

Fyrir þingið verða lagðar 4 spurningar:

1. **Skólabragur:** Hvað er skólabragur? Hvernig viljum við hafa hann og hvernig sköpum við hann?
2. **Nám og kennsla:** Á hvað viljum við leggja áherslu í námi og kennslu? Hvernig gerum við það?
3. **Skólasamfélag:** Hvað er skólasamfélag Brekkuskóla? Hvernig getum við eft skólasamfélagið í þágu skólans?
4. **Mat og þróun:** Hvað er góður skóli? Hvernig sjáum við hvort skólinn er góður?

Nú óskum við eftir foreldrum sem hafa áhuga á að sitja þingið.

Þeir sem hafa áhuga eru vinsamlegast beðnir um að hafa samband við Sigríði Magnúsdóttur siggamagg@akmennt.is eða Jóhönnu Maríu Agnarsdóttur johannam@akureyri.is

Ný aðalnámskrá grunnskóla byggir á sex grunnþáttum menntunar: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Þessir grunnþættir eiga að endurspeglast í starfsháttum skóla, samskiptum og skólabrag. Þeir eiga að vera sýnilegir í skólastarfinu öllu og koma fram í inntaki námsgreina og námssviða, bæði hvað varðar þekkingu og leikni sem börn og ungmenni skulu afla sér. Hægt er að lesa almennan hluta aðalnámskrár grunnskóla á slóðinni: <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/>

Styrkur veittur frá Norðurorku til samfélagsverkefna

- Brekkuskóli í hópi styrkþega

Styrkir Norðurorku hf. til samfélagsverkefna vegna ársins 2013 voru afhentir við hátíðlega athöfn föstudaginn 4. janúar síðast liðinn.

Brekkuskóli hlaut styrk vegna verkefnis sem ber yfirskriftina "Félagslega fljúgandi fær" og snýst m.a. um að nýta rafræna tækni við skipulag náms og tómstunda í daglegu lífi barna með einhverfugreiningu. Brekkuskóli þakkar Norðurorku styrkveitinguna sem mun koma sér vel við frekari þróun á rafrænni tækni í skólastarfi Brekkuskóla. Nánar um styrkveitingar Norðurorku á www.no.is



Rósa Mjöll Heimisdóttir sérkennari tók við styrknum fyrir hönd Brekkuskóla

Skólapúlsinn – foreldrakönnun - mikilvægt að lesa!

Kæra foreldri/forráðamaður.

Skólinn notar sjálfsmatskerfið Skólapúlsinn til að fylgjast með og bæta innra starf skólans. Nú í febrúar munum við í fyrsta sinn nýta okkur þann hluta kerfisins sem felst í að spyrja foreldra í skólanum um gæði skólans, samskipti við skólann, virkni í skólastarfi og námið heima fyrir.

Könnunin er lögð fyrir foreldra barna á öllum aldurstigum skólans. Í þeim tilfellum þar sem tvö netföng eru skráð á foreldra er spurningalistanum skipt í tvennt og helmingur listans er sendur á sitt hvort netfangið. Öðru hvoru foreldrinu eða báðum í sameiningu er þó frjálst að svara báðum hlutunum.

Niðurstöður á yngsta, mið- og unglingastigi eru birtar með samanburði við landsmeðaltal í byrjun mars svo lengi sem 80% svarhlutfalli hafi verið náð. Niðurstöðurnar eru jafnframt notaðar af starfsfólki Skólapúlsins til að framkvæma tölfræðigreiningar m.a. fyrir fræðsluskrifstofur, ráðuneyti og fræðimenn til að auka skilning á þroska og námsaðstæðum nemenda á landsvísi.

Sjálfsmatskerfið hefur verið tilkynnt til Persónuverndar undir númerinu S5590. Engum persónuupplýsingum er safnað í Skólapúlsinum og því ekki hægt að sjá hver svaraði hverju.

Þetta bréf hér er til þess að upplýsa þig, ágæti forráðamaður, um þessa fyrirhuguðu gagnasöfnun skólans. **Ef þú ert mótfallin/n því að eiga möguleika á að lenda í úrtakinu, hafðu þá samband við skrifstofu skólans eða sendu tölvupóst á netfangið johannam@akureyri.is**

Að öðrum kosti áttu von á að fá sendan tölvupóst snemma í febrúar með ósk um þátttöku í könnuninni.

Nánari upplýsingar um sjálfsmatskerfið eru á www.skolapulsinn.is/um. Einnig er hægt að hringja í starfsfólk Skólapúlsins, í síma 499-0690 eða senda tölvupóst á skolapulsinn@skolapulsinn.is

